



EGILL ÓLAFSSON

H E I Ð R A Ð U R

Tónleikar til heiðurs Agli Ólafssyni

í Hofi á vegum Menningarfélags Akureyrar
þann 18. nóvember 2023.

í Eldborg í Hörpu
þann 26. janúar 2024.



ÁVARP

Það er skritin tilfinning að sitja í salnum og hlusta á aðra flytja músík sem ég tengist órjúfanlegum böndum - sem ég hef mótað og sungið og er eins og hluti af mínu skinni.

Það fylgja því margvíslegar tilfinningar - kannski örlítill tregi, af því ég veit að ég á ekki afturkvæmt, en líka stolt og gleði yfir því að músíkin skuli lifa áfram, að aðrir taki hana upp á sína arma og beri fram af stakri snilld, sem ég veit að verður.

Ég þykist vita að bráðum sé fundarfært og segi því, toi toi toi til ykkar allra - munið að þið eruð sérlega valin til að flytja þessa músík og það gerir það enginn betur en þið.

Í allri auðmýkt þakka ég ykkur fyrir alla vinnuna sem ég veit að felst í tónleikum af þessari stærðar-gráðu og bið spenntur eftir að fá að njóta.

Egill Ólafsson



ÁVARP

Dagurinn í dag, 18. nóvember 2023, er góður dagur. Því það er Egils Ólafssonardagur í HOFI. Tónadagur til heiðurs miklum meistara. Að mínu mati er Egill Ólafsson einhver áhrifamesti tónlistarmaður Íslandssögunnar. Og ef ég tala bara út frá sjálfum mér þá ber hann ábyrgð á því að ég ákvað að gerast tónlistarmaður. Þegar ungingaheili minn fékk að upplifa tónleika með Agli og Þursaflokknum á 7. áratug síðustu aldar í menntaskóla í Reykjavík og í Þjóðleikhúsinu varð einhver sprenging í heilafrumum mínum. Þegar ég heyrði þennan spennandi hljóm, sem var í senn forn og nýr, birtust mér hreinlega sýnir. Ég sá liti og form, sá bak við tunglið og undir sólina og allt í einu virtust möguleikarnir í lífinu verða endalausir. Þegar við Björk Guðmundsdóttir, Geiri Sæm, Skúli Sverrisson og Oddur Sigurbjörnsson stofnuðum okkar fyrstu hljómsveit, Exodus, voru upplifanir okkar frá tónleikum og plötum Egils og Þursa undirliggjandi áhrifavaldur, líka á fyrstu og einu plötu Pax Vobis, sem Tómas Tómasson, bassaleikari Þursa, stýrði upptökum á, og líka þegar við Andrea Gylfadóttir og Eypór Arnalds stofnuðum Todmobile. Á öllum átta hljóðversplötum hennar lúra alltaf Egilsáhrif. Auðvitað eru áhrif Egils á cosmosið miklu meiri en þetta en þetta er útsýnið frá mínum bæjardyrum. Ég get vottað að það hefur lengi staðið til hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands að flytja tónlist eftir Egil Ólafsson, enda af nógu að taka; Þursa- og Stuðmannaplöturnar, Spilverkið, sólóplöturnar, leikhústónlistin öll o.fl. o.fl. Það var hinsvegar útspil Babies og Eypórs Inga varðandi það að dusta rykið af meistaraverkum Egils og félaga í Þursunum sem gerði það augljóst fyrir okkur að nú væri rétti tíminn fyrir Egils Ólafssonar tónaveislu í HOFI. Góða skemmtun, kæru hljómleikagestir.

18. nóvember 2023

Þorvaldur B Þorvaldsson, Tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar.

EGILL


- Summur** | ófullgert rondó abaca – c þátturinn er frumfluttur. Höf. EÓ.Úts. Þórður Magnússon/EÓ
- Ekkert þras** | lag og ljóð EÓ, úts. EÓ, Ríkarður Örn Pálsson. Úts. Fyrir SN Þórður Magnússon
- Veðurglökkur** | lag og ljóð, Spilverk þjóðanna
- Brattabrekka** | lag og ljóð EÓ, úts. Þórður Magnússon
- Hringur og Bitlagæslumennirnir** | lag EÓ, Jakob Frímann, ljóð EÓ og Valgeir Guðjónsson. Úts. Kjartan Valdemarsson
- Ofboðslega frægur** | lag, EÓ, Jakob Frímann, ljóð EÓ, Þórður Árnason, úts. Þórður Magnússon
- Ónumin lönd** | lag og ljóð EÓ
- Það brennur** | lag og ljóð EÓ, úts. EÓ. Úts. fyrir SN Þórður Magnússon



Hlé



- Grafskrift** | þjóðlag, úts. EÓ. Aðlögun Þórður Magnússon
- Stóðum tvö í túni** | þjóðlag/viðbætur EÓ, úts. Tatu Kantomaa. Aðlögun Þórður Magnússon
- Pínulítill kal** | lag og ljóð EÓ og Þursar
- Einsetumaður einu sinni** | þjóðlag/viðbætur EÓ, úts. Tatu Kantomaa. Aðlögun Þórður Magnússon
- Æri Tobbi** | lag EÓ, ljóð Æri Tobbi, úts. Samúel J. Samúelsson. Aðlögun Þórður Magnússon
- Of stórt?** | lag og ljóð EÓ
- Vill einhver elska...?** | lag og ljóð, EÓ, úts. Lárus H. Grímsson. Aðlögun Þórður Magnússon
- Skriftagangur** | EÓ, þjóðvísa, úts. EÓ. Aðlögun Þórður Magnússon
- Sigtryggur vann** | lag EÓ, ljóð EÓ og Björn Blöndal
- Gegnum holt og hæðir** | lag EÓ, ljóð Þórarinn Eldjárn
- ÞURSAR** **Brúðkaupsvísur** | lag EÓ, ljóð Leirulækjar Fúsi (Vigfús frá Leirulæk), úts. Haukur Tómasson, aðlögun Þórður Magnússon



EGILL ÓLAFSSON

Egill Ólafsson fæddist í Reykjavík 9. febrúar 1953. Hann nam ungur trompetleik hjá Karli O. Runólfssyni og starfaði undir hans stjórn í Lúðrasveit Æskunnar. Hann söng með Hamrahlíðarkórnum og stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík á árunum 1970–1976. Þar söng hann einnig í kór Tónlistarskólans undir stjórn Martin Hunger en aðrir helstu kennarar Egils voru Engel Lund, Jón Ásgeirsson, Þorkell Sigurbjörnsson, Sigurður Markússon og Þuríður Pálsdóttir.

Egill hefur kennsluréttindi í tækni Jo Estill í söng. Hann hefur tekið þátt í „master class“ hjá tónskáldunum Per Raben, Jukka Linkola og Pierre Dörge, og hjá söngkennurum eins og Oren Brown, Thorsten Föllinger og Jo Estill, svo fáeinir séu nefndir.

Egill nam spænsku í HR veturinn 2004–2005, og einnig var hann eina önn í spænskunámi í Madrid árið eftir. Þá má til gamans geta þess að Egill útskrifaðist með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 2001 og hefur auk þess úthafsréttindi í stjórnun smærri skipa allt að 25 metrum.

Egill hefur verið starfandi sem söngvari, leikari og tónhöfundur undanfarin 48 ár. Hann hefur sungið í fjölda söngleikja, leikið í kvikmyndum, sjónvarpi og á sviði, og samið tónlist fyrir 28 leikhúsverk, þar af þrjá söngleiki; Gretti, Evu Lunu og Come Dance With Me, sem sýnt var á Off Broadway. Hljómplöturnar og geisladiskarnir nálgast hundraðið, þar sem ýmist er söngur, lög og hljóðfærasláttur Egils.

Nýlega var gerð heimildamynd um starf hans og félaga hans í Þursaflokknum en þar starfaði Egill sem forsprakki og aðaltónhöfundur. Þursar slúttuðu ferli bandsins með stórum tónleikum ásamt kammersveitinni Caput í Laugadalshöll í febrúar 2008. Tónleikarnir voru gefnir út í veglegri umgjörð og þóttu takast prýðilega.

Sólóplötur Egils eru níu talsins, nú síðast tu duende / el duende, sem kom út á árinu, og


hefur henni verið fagnað af unnendum karabískrar tónlistar. Platan þar áður, FJALL, sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin með lagi ársins og auk þess tilnefningu sem plata ársins, er uppseld hjá forleggjaranum. Þá hefur leikhústónlist Egils komið út á geisladiski undir heitinu Brot.

Egill hefur starfað með fjölda listamanna, bæði hér heima og víða erlendis. Í febrúar 2020 hófst samtarf Egils við kúbverska og sænska tónlistarmenn, ásamt íslenskum, og leit afurð þess starfs, tu duende / el tuende, dagsins ljós þann 9. febrúar 2023, á sjötugsafmæli Egils. Þá er vert að geta þess að síðastliðið haust kom út önnur ljóðabók Egils og heitir hún Sjófuglinn. Bókinni var vel tekið af unnendum ljóðsins og var hún tilnefnd til Maistjörnunnar, verðlauna á vegum Rithöfundasambandsins og Háskólabókasafns.

Vegtyllur Egils eru tilnefningar til Eddunnar, margar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna og verðlaun sem söngvari ársins í tvisgang, auk þess sem hann hefur einu sinni átt lag ársins. Stuðmenn voru einnig sérstaklega heiðraðir af Íslensku tónlistarverðlaununum. Á degi íslenskrar tungu fékk hljómsveitin viðurkenningu fyrir að halda fast um íslenskuna og fyrir að hafa hana að meginmáli í söngtextum. Þá voru Stuðmenn sérstaklega heiðraðir af FÍH fyrir framlag sitt til íslenskrar hljómlistar árið 2008.

Egill var gerður að heiðursfélaga í FTT árið 2013, hann hlaut fálkaorðu árið 2015, Gullmerki STEFs 2023 og Hlustendaverðlaun Stöðvar 2 og Bylgjunnar árið 2023.

Þá má að endingu geta þess að öðrum hvorum megin við næstu áramót verður frumsýnd ný kvikmynd Baltasars Kormáks, Snerting, hvar Egill leikur stórt hlutverk. Eins er væntanleg ný ljóðabók á næsta ári og hljómplata á haustdögum 2024, með tónleikaupptökum frá fyrri tímum. Um lítið upplag verður að ræða, svipað og var með Fjall og nú síðast tu duende / el duende. Hægt verður að fylgjast með útgáfuferlinu á heimasíðu Egils, egillolafsson.is



GUÐNI FRANZSON


Guðni Franzson lauk einleikaraprófi á klarinettu og prófi frá tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1984. Eftir það fór hann til Hollands og stundaði framhaldsnám en til þess hlaut hann m.a. styrki frá hollenska menntamálaráðuneytinu og hinum danska Léonie Sonning sjóði. Guðni hefur komið fram sem einleikari í mörgum löndum Evrópu og í Brasilíu, Kanada, Japan og fyrrum Sovétríkjunum og hljóðritað fjölda geisladiska með nýrri og klassískri tónlist jafnframt því að leika og hljóðrita þjóðlega tónlist s.s. með Rússibönnum.

Guðni var einn af stofnendum CAPUT árið 1988 en hópurinn er á meðal virtustu flytjenda nýrrar tónlistar í Evrópu og hefur hljóðritað á þriðja tug geisladiska og leikið á mörgum virtustu tónlistarhátíðum veraldar.

Í dag vinnur Guðni mest sem stjórnandi, tónsmiður og kennari. Hann hefur samið tónlist fyrir fjölda dansverka og leiksýninga, kammerverk, músík fyrir börn og tónverk fyrir framandi hljóðfæri. Hann hefur tekið virkan þátt í sýningum með Pars Pro Toto og Íslenska dansflokknum og í leikhúsinu lék hann m.a. Títlu Bjarts í Sumarhúsum á fjöllum Þjóðleikhússins. Vorið 2009 hlaut Guðni Grímuverðlaunin fyrir tónlist við leikverkið Steinar í Djúpinu, í uppsetningu Lab Loka.

Guðni stýrir gjarnan CAPUT á tónleikum og við hljóðritun auk þess að stjórna stöku sinnum Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljómsveitum, s.s. Sinfóníuhljómsveitum Vaasa og Pori í Finnlandi, auk margvíslegra kammerhópa. Hann hefur einnig haldið um sprotann hjá Íslensku óperunni og í Þjóðleikhúsinu.

Tóney er skapandi vettvangur fyrir tónlist og hreyfingu sem Guðni stofnaði árið 2007 og starfrækir með hópi valinkunnra listamanna.



SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR

Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú (f.1955), hefur verið ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar um árabil. Einn helsti styrkleiki hennar er hversu jafnvíg hún er á sígilda tónlist, jazz og dægurlög.

Hún hóf feril sinn á sviði dægurtónlistar sem meðlimur í Spilverki Þjóðanna. Síðan fór hún í sígillt tónlistarnám og hefur verið mjög afkastamikil allar götur síðan. Hún hefur sungið inn á aragrúa hljómplatna og tekið þátt í samstarfsverkefnum með ýmsum tónlistarmönnum.

Diddú er næstelst sjö systkina og ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík. Hún kemur af söngelskri fjölskyldu og bróðir hennar, Páll Óskar, er ein af skærustu poppstjörnum Íslands.


Diddú nam söng í Reykjavík og síðar við Guildhall School of Music and Drama í London. Hún fór í framhaldsnám til Ítalíu. Á námsferli sínum vann hún til fjölda viðurkenninga og verðlauna.

Diddú hefur sungið stór hlutverk í uppfærslum hjá Íslensku óperunni. Þar má nefna hlutverk hennar í Carmina Burana, Brúðkaupi Fígarós, Rigoletto, Töfraflautunni, Lucia di Lammermoor, La Traviata, Ástardrykknum og Leðurblökunni. Hún söng í Niflungahringnum og Ævintýrum Hoffmanns, sem

voru samstarfsverkefni Óperunnar og Þjóðleikhússins. Árið 1992 söng hún í Rigoletto við óperuna í Gautaborg. Árið 2006 söng hún í óperunni Le Pays eftir J.G. Ropartz á Listahátíð. Síðast söng Diddú hlutverk Næturdrottningarinnar í Töfraflautunni og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins 2011 fyrir túlkun sína á hlutverkinu.


Diddú hefur leikið og sungið í sjónvarpsleikritum, s.s. Brekkukotsannál og Silfurtunglinu, og í kvikmyndunum Karlakórnum Heklu og Bíódögum. Hún hefur sungið inn á fjölda hljómdiska og margoft komið fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og sungið með kórum bæði kirkjuleg og veraldleg verk. Auk þess hefur hún unnið með Stórsveit Reykjavíkur og hinum rómaða rússneska Terem-kvartett. Einir af eftirminnilegustu viðburðunum á ferli Diddúar voru tónleikar í Laugardalshöll með José Carreras árið 2001 og árið 2005 hlotnaðist henni sá heiður að stíga á stökk með Plácido Domingo á tónleikum hans í Egilshöll.

Diddú hefur sungið víðsvegar um Evrópu, á Norðurlöndunum, og í Bandaríkjunum, Japan, Kína og Rússlandi. Árið 1995 var hún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu og Ljónaorðu finnska ríkisins árið 1997.



ÓLAFUR EGILL EGILSSON

Ólafur Egill Egilsson útskrifaðist af leiklistardeild LHÍ árið 2002. Hann hefur starfað síðan sem leikari, söngvari, handritshöfundur og leikstjóri bæði í leikhúsi, kvikmyndum og sjónvarpi. Meðal helstu hlutverka Ólafs eru Fagin í Oliver! hjá MAK, Makki hnífur í Túskildingsóperu Þjóðleikhússins og Tibalt í Rómeó og Júlíu Borgarleikhússins og Vesturports. Meðal leikstjórnarog höfundarverka eru Bubbi-9líf, Elly, Ásta, Brot úr Hjónabandi, Kartöfluæturnar, Fólkið í Kjallaranum og Hystory. Helstu höfundarverk í kvikmyndum og sjónvarpi eru Kona fer í stríð, Brúðguminn, Eiðurinn, Sumarlandið, Katla og fyrsta þáttaröð Ófærðar.



EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON


Eyþór Ingi Gunnlaugsson hefur komið fram og unnið sem atvinnutónlistarmaður og haft það sem aðalstarf síðan 2008.

Eyþórhefur bæði komið fram undir eigin nafni og starfað með hljómsveitum á borð við Todmobile, Eldberg, Stuðmenn, Rock Paper Sisters og Atómskáldin. Sem barn og unglingur kom Eyþór fram í leiksýningum hjá bæði Leikfélagi Dalvikur og Leikfélagi Akureyrar. Hann hefur einnig samið tónlist fyrir eitt leikverk hjá Leikfélagi Akureyrar, Þögli þjónninn, í leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar árið 2010, og eina dansmynd, Dance Tranzit, eftir Rúta Pakalne, sem var BA-verkefni hennar og var tekin upp á Krímskaga í Úkraínu. Þá samdi hann tónlistina fyrir bresk/íslensku stuttmyndina Alfheims Edge árið 2016 ásamt Matthíasi Stefánsyni, og var hún síðar gefin út sem plata á Spotify.

Í millitiðini hefur Eyþór túrað um landið með einmannstónleika og komið fram á fjöldanum öllum af skemmtunum af ýmsum stærðum og gerðum.

Hann hefur gefið út tvær breiðskífur með Eldberg og túrað og komið fram með Todmobile ásamt því að hafa samið og tekið upp tvær plötur með sveitinni. Árið 2013 samdi hann og gaf út Eyþór Ingi & Atómskáldin, sem var hans fyrsta sólóplata. Sama ár fór hann fyrir Íslands hönd í Eurovision með lagið „Ég á líf“, sem naut mikilla vinsælda það árið. Eyþór er líka einn af stofnendum Rock Paper Sisters, sem hafa gefið út lög og komið fram á tónleikum og hátíðum síðustu árin. Eyþór stýrði upptökum ásamt því að vera söngvari, gítarleikari og einn af aðallagahöfundum sveitarinnar á fyrstu breiðskífu hennar, One In a million, sem kom út núna seint á árinu 2023. Á útgáfudögum varð platan efst á lista yfir mest seldu plötur landsins í útgáfuviku.

Eyþór Ingi og Babies hafa komið fram við margvísleg tilefni, í bland við árshátíðir og dansleiki, en síðasta árið hefur samstarf Eyþórs og Babies snúist um það að að flytja tónlist þursaflokksins á lifandi tónleikum víðsvegar um landið.



ÞÓRÐUR MAGNÚSSON


Þórður Magnússon er starfandi tónskáld, útsetjari, hljómsveitar-útsetjari (orchestrator) og nótnasetjari. Hann hefur átt velgengni að fagna sem klassískt tónskáld og telja tónverkin hans rúmlega hálf hundruð, og sem útsetjari hefur hann unnið talsvert við samrunaverkefni á milli klassískra hljóðfæraleikara og rypmískrar tónlistar. Af samstarfsaðilum í gegnum tíðina má nefna, Megas, Laufeyju Lin, GDRN, Ásgeir Trausta, Jón Ólafsson, Bjartmar Guðlaugsson, Guðmund Kristin Jónsson (Kidda), Ragnheiði Gröndal, Marínu Ósk, Jóa P og Króla, Jónas Sig, Todmobile, Þorvald Bjarna, Sigurð Guðmundsson, Sigríði Thorlacius, Möggu Stínu og nú síðast Egil Ólafsson.


Á undanförunum árum hefur hann einnig fengist meira og meira við verkefni tengd kvikmyndum.

Bakgrunnur Þórðar er bæði klassískur og rypmískur. Hann var í ýmsum rokk- og popp-hljómsveitum á táningsárum en eftir tvítugt einbeitti hann sér að tónsmíðum fyrir klassíska hljóðfæraleikara. Þessi tvíþætti bakgrunnur hefur síðan komið sér vel í hinum ýmsu samrunaverkefnum.

Handverkskunnáttan sem hann tileinkaði sér í klassísku tónlistarnámi hefur skilað sínu þegar útsetja þarf rypmíska tónlist. Þórður er fjölbærur og vel að sér alls konar stílum; klassík, rómantik, diskó, jazz, old school jazz og yfir í framsæknari stíla. Hann hefur einkar gott vald á símfóníuhljómsveit og býr að margra ára reynslu á því sviði. Hann hefur einnig átt gott samstarf við önnur tónskáld, og hefur tekið að sér bæði orchestreringu og nótnasetningu.

Egill Ólafsson heiðraður





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri símfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.



HLJÓMSVEITARSKIPAN SINFÓNÍUHLJÓMVEITAR NORÐURLANDS

1. FIÐLA

Greta Salome Stefánsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Marcin Lazarz

2. FIÐLA

Joaquin Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍÓLA

Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Eydís Úlfarsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Ásdís Arnardóttir

BASSI

Gunnlaugur Torfi Stefánsson

HORN

Kjartan Ólafsson
Helgi Svavarsson

FLAUTA

Una Björg Hjartardóttir

ÓBÓ

Gillian Haworth

KLARINETT

Ármann Helgason
Michael Weaver

FAGOTT

Dagbjört Ingólfsdóttir

TROMPET

Vilhjálmur Sigurðarson
Sóley Björk Einarsdóttir

BÁSÚNA

Carlos Caro Aguilera

SLAGVERK

Emil Þorri Emilsson
Þorvaldur Halldórsson

PÍANÓ OG HLJÓMBORÐ

Kjartan Valdemarsson



BABIES

Hljómsveitin Babies hefur verið starfandi frá árinu 2011. Babies hefur haslað sér völl sem ballhljómsveit í gegnum árin og eru hún þekkt fyrir spilagleði og skemmtilegt lagaval á böllum sínum.

Allir meðlimir Babies eru miklir þursaflokksaðdáendur og hafa lengi gengið með þá hugmynd að flytja tónlist þeirra á hlómleikum.

Fyrir rúmu ári síðan sáu þeir tilefni til að flytja þursaflokksplötuna Gæti eins verið í fullri lengd. Það var til að fagna 40 ára afmæli útgáfu plötunnar og fengu þeir Eypór Inga með sér í lið til að stíga í hlutverk Egils Ólafssonar. Þessir tónleikar voru á Húrra 12. nóvember 2022 og síðan þá hafa þeir haldið tónleika víða um landið með ýmsum lögum þursaflokksins.

Meðlimir Babies eru Ingimundur Guðmundsson á orgel, hljóðgervil og píanó, Elvar Bragi Kristjánsson á bassa, Skúli Gíslason á trommur og Ísak Örn Guðmundsson á gítar.



ENDURVAKNING

(Skrifað í febrúar 2008 á 30 ára afmæli Þursa)

Það var upplifun sem ég hélt að aldrei myndi verða, að standa aftur á sviði með félögum mínum í Þursaflokknum, og Caput að auki, þrjátíu árum eftir að fyrrnefnd hljómsveit lék í fyrsta sinn opinberlega – eitt febrúarkvöld í Breiðholti 1978.

Endurvakningar af þessu tagi bera með sér margræðar vangaveltur. Oftar en ekki getur slíkur gjörningur orðið til þess að troða skóvarp af annars góðri minningu um þokkalega hljómsveit eða tónlistarmann og eins er hætt við að slíkar uppvakningar, áratugum síðar, hitti fyrir fá og dauf eyru. Góðar undirtektir almennings komu okkur því öllum gleðilega á óvart og ekki skemmdi fyrir einlægur áhugi og hvatning útgefanda hjá Senu. Það má segja að það ágæta fólk hafi átt frumkvæðið að því að kalla hljómsveitina saman á ný. Hugmyndin var um eina tónleika í Höllinni, en þeir urðu þó sex talsins; einir á Ísafirði í Edinborgarhúsinu, þrennir ógleymanlegir okkur félögum á Grænum hatti Akureyringa og svo uppákoma við Arnarhólinn á Þjóðhátíðardegi 2008.

Það varð strax ljóst að endurvakningin fæli í sér mikla forvinnu, sem í fyrstu lá í því að skrifa tónlistina upp – þökk sé Selbeliusar-forritinu, sem

undirritaður átti gott samstarf við. Stóran hluta laganna útsetti undirritaður, en einnig voru fengnir til starfans fyrirtaks fagmenn og tónsmiðir, sem voru: Tatu Kantomaa, Lárus H. Grímsson, fyrrum liðsmaður sveitarinnar, Haukur Tómasson og Samúel Örn Samúelsson. Hér eru þeim færðar þakkir fyrir einstaklega alúðlega vinnu.

Þá tóku við strangar æfingar Þursa frá september miðjum 2007, við viljum ná í gamla hljóminn og festa aftur í sessi það sem einkenndi tónlistina. Til liðs við okkur, í stað Kalla heitins Sighvats, fengum við öflugan liðsauka, sem var Eyþór Gunnarsson. Hann reyndist okkur betur en vel og kunnum við honum bestu þakkir fyrir næmt innsæi og ómetanlegt framlag. Þá kom Ragnheiður Gröndal og söng með okkur eitt lag. Hennar músikalitet er alltaf hrifandi.

Þrjátíu ár eru nokkuð langur tími, sérstaklega þegar hann dekkar tímann sem líður frá því að maðurinn er orðinn fullorðinn og þar að hann verður miðaldra. Nú verður að segjast sem er að meðlimir Þursaflokksins eru allir vel á sig komnir þó þeir nálgist nú óðfluga sextíu árin í aldri og það þori ég að fullyrða að ef Karl heitinn Sighvatsson hefði átt lengri lífdaga hefði hann ekkert gefið okkur hinum eftir í þeim efnunum, því sá maður var fæddur æskumaður og

hélt sig við þrótt af því tagi næstum fjórtíu árin sem hann lifði. Hans er sárt saknað, þó að við hefðum merkt hans viðveru á tónleikunum í Höllinni þetta febrúarkvöld 2008.

Það var hugmynd Þórðar gítarleikara að við fengjum Caput hópin með okkur. Eftir á má segja að þar hafi mat hans verið fullkomlega rétt. Tónlistinni hæfði ekki voldug strengjasveit, eins og tilheyrir (venjulega í) sínfóníuhljómsveitum og hitt vó ekki síður að margir hljóðfæraleikarar Caput þekktu til þursatónlistarinnar, höfðu alist upp við ósköpin. Það sama á við um stjórnandann, Guðna Franzson, en fyrir utan að þekkja efnið er Guðni einstaklega músíkalskur og opinn tónlistarmaður og því kjörinn til að stjórna öllu saman. Caputhópnum, með Guðna í fylkingarbrjósti, er hér með þakkað gott samstarf.

Oftar en ekki erum við spurðir að því hverjir séu helstu áhrifavaldar þursa, og margir nefna ýmsar hljómsveitir í þeim efnunum. En þetta er ekki einfalt mál; þegar litið er á aðstæður í íslensku samfélagi, þegar meðlimir þursa eru að alast upp, sem má segja að sé tímabilið frá 1957 (þegar vitglóran kviknaði) fram til '75, er ljóst að margt er breytt síðan þá. Allan þennan tíma er aðeins ein útvarpsstöð (fyrir utan Kanaútvarpið) og eins var mun erfiðara að nálgast tónlist á þessum tíma. Innflutningur á tónlist var takmarkaður og eins hitt, sem vegur ekki minnst, að hingaðkomur tónlistarmanna voru mjög sjaldgæfar. Auðvitað breytti það ekki því að menn eignuðust fyrirmyndir, æði ólíkar, ef rukka ætti hvern meðlim bandsins um það. En vakning í þjóðlagatónlistinni snemma á sjöunda áratugnum hafði heilmikil áhrif; Dylan, Joan Baez, Peter Paul og Mary, The Shadows, Savanna-tríóið, Fairport Convention, breski blúsinn, sem við meðtökum allir og þá væri hægt að telja upp langan lista. Allt gerir þetta, meðal annars, tónlist þursaflokksins að því sem hún er. Ekki má gleyma Ríkisútvarpinu, sem vafalítið hefur mótað okkur alla, en þar réði

lengi einstaklega góður tónlistarsmekkur, sem einkenndi þá stofnun öll okkar ungdómsár. Ekki má heldur gleyma arfinum; íslensku þjóðlögnum, Sr. Bjarna Þorsteinssyni, sem safnaði þeim, Ferdinand Rauter og Engel Lund, og Gögggu, sem héldu við arfinum með því að útsetja jog flytja þessar dýrmætu perlur.

Við þursar stöndum í þakkarskuld við margt og marga, einkum þá er lögðu leið sína á tónleika okkar vítt og breitt um landið og víðar á árunum 1978–84. Allt það góða fólk er starfaði með okkur með einum eða öðrum hætti og verður ekki hjá því komist að nefna hljóðmann okkar til margra ára, frábærandreng, Júlíus Agnarsson, Þjóðleikhúsið, Svein Einarsson, fyrrverandi Þjóðleikhússtjóra, og Íslenska dansflokkinn, en samstarf okkar við dansinn og leikhúsið varð okkur hvatning í margvíslegum skilningi og eftirminnileg var ferð okkar til Norðurlanda ásamt Dansflokknum eftir áramótin 1979. Fólki sem kom að málum í langri tónleikaferð okkar um Norðurlönd og Holland sumarið og haustið 79. Framlag þessa fólks örvaði okkur til að halda áfram, þrátt fyrir ágjöf og basl. Nú erum við enn einu sinni kallaðir saman, til að rifja upp, spila og gefa þessa músík, sem hér birtist í mynd, orðum og tónum. Það hefur verið ánægjuleg reynsla. Þakklæti er hér með komið á framfæri til allra þeirra er mættu og hvöttu okkur á febrúartónleikunum og ekki síður þeirra fjölmörgu er unnið hafa að samsetningu og tilurð þessa efnis. Í því sambandi vil ég nefna Gunnar Sigurbjörnsson, sem sá um hljóðblöndun tónleikanna, Þór Freysson, sem stjórnaði myndvinnslunni, Adda 800, sem sá um eftirvinnslu á hljóði, Extón, sem sá um ljós- og hljóðkerfi, og, síðast en ekki síst, Höskuld Höskuldsson, sem haft hefur umsjón með hönnun og annast margt smátt og stuðlaði að veglegri útgáfu – sem sómi er af.



Stjórnin & Sinfonia Nord

HOF 28. MARS 2024

MIÐASALA Á MAK.IS